



Grafreitir Helga Hálfðanarsonar lektors og barna hans í Kirkjugarðinum við Suðurgötu. Helgi lést 1894. Horft er til vesturs. SE.



Úr gamla Kirkjugarðinum við Suðurgötu. BR.

### Suðurgata 29

Þessi lóð er úr landi *Melkots* eins og nálægar lóðir. Árið 1926 fékk Sigurður Gunnarsson prófastur leyfi til að byggja

timburhús það á lóðinni sem enn stendur. Hann var föðurbróðir Gunnars Gunnarssonar skálds. Séra Sigbergur (Siggupabbi) í skáldverkinu *Fjallkirkjunni* á sér stöð í minningum Gunnars um þennan föðurbróður sinn. Sigurður

### Suðurgata

‘Kærleiksstíg’ þá sól er sezt sveinar og fljóðin ganga. – Þar hefur röðull reifað bezt rósum meyar vanga.

Grær þar oft í aftanró ástarblómið rauða. En sá vegur endar þó út við gróf og dauða.

(Guðmundur Guðmundsson 1954 (I), 219.)

var frægur glímumaður á yngri árum, sigraði t.d. í konungsglímum á Þingvöllum 1874. Sagt var að atgangur hefði verið slíkur að konungur hafi hrópað upp yfir alla: ‘For Guds Skyld, bræk ikke Benene’. Kona sr. Sigurðar var Soffía Emelía Einarsdóttir, systir Sigríðar ‘dóttur hjóna í Brekkubæ’ (→ *Mjóstræti* 3). Bergljót dóttir þeirra var fyrri kona sr. Haralds Níelssonar prófessors (→ *Laugarnesspítali*).

Sigurður Eggerz forsætisráðherra bjó í þessu húsi síðustu æviár sín ásamt konu sinni Solveigu Kristjánsdóttur Jónssonar (→ *Pósthússtræti* 13).

### Suðurgata 35

Fyrsta íþróttafélag í Reykjavík var Skotfélag Reykjavíkur sem stofnað var 1867. Einhverjar skotæfingar voru þó stundaðar fyrr (→ *Melarnir*). Félagið reisti æfingahús sem formlega hét ‘Reykjavígs Skydeforenings Pavillon’ – í daglegu tali nefnt *Skothúsið*. Beint austur af því var skotvarða á litlum tanga út í *Tjörnina*. Töluverður hefðarbragur var á starfsemi félagsins enda stóðu að því helstu fyrirmenn bæjarins, danskir og íslenskir. Voru skotæfingar vissa daga í viku hverri og verðlaun veitt fyrir skotfimi. Félagið varð ekki langlíft. Húsið var síðar tekið til íbúðar og þar bjó lengi Tómas Eyvindsson verkamaður með fjölskyldu sinni og var oftast við það kenndur. Meðal barna hans var Magnús Kjaran stórkaupmaður (→ *Vesturgata* 3). Skothúsið hefur líklega verið rífið um 1930. Frá þeim

### Saklaust gaman

Um Herranótt í Reykjavíkurskóla er farið þessum orðum í bréfi frá Geir biskupi Vídalín dags. 25. nóv. 1799 til Ólafs Stefánssonar stiptamtmanns: 'Að eg ekki til þessa hefi svarað yðar Hávelborinheita eins ástúðlegu, sem ætíð mikilsmetandi tilskrifum, viðvíkjandi þeirri svo kölluðu *Herranótt* í Reykjavíkurskóla, kemur bæði af því að eg hefi ætlað mér að tala við yður um þá sök munnlega, en lítil ákoma á fæti hefir bannað mér í hér um viku að komast út af bænum, líka hitt að eg hefi ekki í höndum conceptið af því, sem framfór í skólanum 1797, hvort eg fyrir skemstu fékk lánað. Eg hefi lesið það í gegnum optar en einu sinni, og segi það satt, að eg hefi þar ekkert orð fundið, sigtandi til að lasta monarchiska Regjering, eður til að uppvækja óleyfileg Friheds Principia. Aungvu síður hefi eg hreint neitað þeim af þiltunum, sem nú fyrir skemstu báðu um mitt leyfi til nýs herranóttarhalds, að gefa mitt samþykki til þess, þar eg vildi að þeirra jafnvel saklausu gaman ekki gæti verið nokkrum til hneixlis. Yðar Hávelborinheita góða bréf þessu viðvíkjandi fylgir og hér með eptir yðar fyrirmælum til baka.'

(Árni Helgason 1907–1915, 78.)

tíma er timburhúsið á lóðinni. Við húsið er kenndur *Skothúsvegurinn* sem tengir saman *Suðurgötu* og *Laufásveg*.

### Suðurgata 41

*Þjóðminjasafn Íslands*. Á fundi í saminuðu Alþingi 16. júní 1944, daginn fyrir stofnun íslenska lýðveldisins, báru formenn allra þingflokka fram svohljóðandi tillögu til þingsályktunar: 'Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir af ríkisfé þrjár milljónir króna til þess að reisa hús fyrir Þjóðminjasafnið og hefjast þegar handa um undirbúning byggingarinnar'. Í umræðum um tillöguna féllu þau orð að bygging húss handa Þjóðminjasafninu væri hæfileg morgungjöf af hálfu Alþingis til lýðveldisins. Tillagan var samþykkt sama dag með öllum greiddum atkvæðum.

Húsið var byggt eftir teikningum arki-



*Þjóðminjasafn Íslands. Mót Tjarnargötu og Hringbrautar í forgrunni. BR.*



*Úr Þjóðminjasafni: Altaristafla frá því rétt fyrir 1500 úr Ögurkirkju við Ísafjarðardjúp. SS.*

tektanna Eiríks Einarssonar og Sigurðar Guðmundssonar sem ráðnir höfðu verið til verksins. Það var fullbúið árið 1952 og var Þjóðminjasafnið þá opnað en meginhluti safngripanna hafði verið fluttur í húsið í árslok 1950. Áður hafði Þjóðminjasafnið verið á ýmsum stöðum, síðast í *Safnahúsinu*.

Þjóðminjasafnið var stofnað árið 1863 af séra Helga Sigurðssyni (d. 1888). Kristján Eldjárn þjóðminjavörður og for-

seti Íslands segir m.a. þannig frá stofnun þess: 'Það má . . . ýkjulaust og átönlulaust telja Helga Sigurðsson stofnanda Forngripasafnsins, en skyli er þá jafnan að geta þess, að þetta framtak hans átti rætur sínar að rekja til hugvekju Sigurðar málara og þeirrar hreyfingar, sem hann og vinir hans höfðu komið af stað. Augljóst virðist, eftir því sem gögn liggja fyrir, að sú hreyfing hefði leitt til stofnunar safnsins sumarið